



Akraneskaupstaður
b.t. bæjarstjórnar
Stillholti 16-18
300 Akranes

Akranesi, 20. mars 2017
1611077 SFP/sas

Efni: Framtíðaruppbygging íþróttamannvirkja - fimleikahús á Akranesi

Á fundi bæjarráðs Akraness, sem haldinn var þann 16. mars sl., var fjallað um umsagnir skóla- og frístundaráðs og skipulags- og umhverfisráðs um staðsetningu fimleikahúss á Akranesi. Bókun bæjarráðs var svohljóðandi;

Ólafur Adolfsson lagði fram eftirfarandi tillögu að bókun:

„Bæjarráð, að teknu tilliti til fyrirliggjandi umsagna skóla- og frístundaráðs og skipulags- og umhverfisráðs, samþykkir að fimleikahús verði reist á Vesturgötu.“

Samþykkt 2:0 (Ingibjörg Valdimarsdóttir sat hjá).

Vilborg Þ. Guðbjartsdóttir og Ingibjörg Pálmadóttir áheyrnafulltrúar tóku heilshugar undir uppbyggingu fimleikahúss á Vesturgötu.

Ingibjörg Valdimarsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:

„Fulltrúi Samfylkingarinnar tekur undir að brýnt sé að bæta aðstöðu fimleikafélagsins og fagnar því að ráðist verði í byggingu fimleikahúss. Samfylkingin á Akranesi vill hins vegar að uppbygging fimleikahúss verði á Jaðarsbökkum. Við tökum undir sjónarmið Íþróttabandalags Akraness um að byggja Jaðarsbakka upp sem íþróttamiðstöð Akraness og þar verði lífleg íþrótt- og menningarmiðstöð sem þjóni fjölbreyttum hópum með ólíkar þarfir. Samfylkingin á Akranesi telur að með byggingu fimleikahúss við Vesturgötu teffjist



Akraneskaupstaður

nauðsynleg uppbygging á Jaðarsbökkum og tækifæri til samnýtingar fjármagns glatist.“

Bæjarráð leggur einróma til að samhliða ákvörðun um byggingu fimleikahúss á Vesturgötu verði stofnaður starfshópur sem hefur það hlutverk að marka stefnu í framtíðaruppbyggingu íþróttamannvirkja á Jaðarsbökkum. Höfð verði til hliðsjónar sú mikla vinna sem hefur verið unnin af bæjaryfirvöldum og hagsmunaaðilum. Bæjarráð felur bærarstjóra að leggja fyrir næsta fund ráðsins tillögu að erindisbréfi starfshópsins.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

Sævar Freyr Þráinsson

Sævar Freyr Þráinsson

bærarstjóri